182
13. okt.

## REGLUGERÐ

**um breyting á reglugerð nr. 7 10. jan. 1953, um söluskatt.**

1. gr.

6. gr. C., 10. liður, orðist svo:
Prentun, útgáfa og sala innlendra dagblaða, vikublaða og tímarita.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Fjármálaráðuneytið, 13. október 1953.*

**Eysteinn Jónsson.**

*Sigtr. Klemenzson.*

183
28. okt.

## SAMÞYKKT

**um forkaupsrétt Seyðisfjarðar á nokkrum fasteignum á Seyðisfirði.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kauptúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðar gert eftirfarandi samþykkt:

Seyðisfjarðarkaupstaður áskilur sér forkaupsrétt á eftirtöldum fasteignum á Seyðisfirði:

Húseignin nr. 43 við Hafnargötu.
Erfðafestuland nr. 9 við Norðurgötu.

Samþykkt þessi öðlast gildi 1. nóvember 1953 og gildir í 5 ár frá þeim degi að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Félagsmálaráðuneytið, 28. október 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Hjálmar Vilhjálmsson.*

184
29. okt.

## ARÐSKRÁ

**fyrir Veiðifélag Vatnsdalsár.**

| | Arðskrá samkv. yfirmati 1953 1000 einingar |
|---|---|
| 1. Hjaltabakki | 17 |
| 2. Skinnastaðir | 26 |
| 3. Akur | 53 |
| 4. Stóra Giljá | 4 |
| 5. Beinakelda | 2 |
| 6. Litla Giljá | 3 |
| 7. Hnausar | 68 |

Arðskrá samkv. yfirmati 1953 184
1000 einingar 29. okt.

| | | |
|---|---|---|
| 8. | Bjarnastaðir | 48 |
| 9. | Másstaðir | 11 |
| 10. | Hjallaland | 9 |
| 11. | Hvammur | 16 |
| 12. | Eyjólfsstaðir | 14 |
| 13. | Hof | 24 |
| 14. | Kötlustaðir | 14 |
| 15. | Gilá | 9 |
| 16. | Marðarnúpur | 5 |
| 17. | Guðrúnarstaðir | 2 |
| 18. | Kárdalstunga | 2 |
| 19. | Þórormstunga | 29 |
| 20. | Sunnuhlíð | 31 |
| 21. | Forsæludalur | 27 |
| 22. | Grímstunga | 68 |
| 23. | Haukagil | 36 |
| 24. | Saurbær | 28 |
| 25. | Ás | 24 |
| 26. | Ásbrekka | 16 |
| 27. | Brúsastaðir | 5 |
| 28. | Snæringsstaðir | 5 |
| 29. | Undirfell | 25 |
| 30. | Kornsá | 11 |
| 31. | Gilsstaðir | 9 |
| 32. | Flaga | 9 |
| 33. | Helgavatn | 9 |
| 34. | Hnjúkur | 9 |
| 35. | Breiðabólstaður | 8 |
| 36. | Miðhús | 10 |
| 37. | Vatnsdalshólar | 69 |
| 38. | Sveinsstaðir | 76 |
| 39. | Steinnes | 27 |
| 40. | Leysingjastaðir | 9 |
| 41. | Þingeyrar | 133 |

Arðskrá þessi er sett samkvæmt lögum nr. 112 9. október 1941, um lax- og silungsveiði, og birtist hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Landbúnaðarráðuneytið, 29. október 1953.*

**Steingrímur Steinþórsson.**

*Árni G. Eylands.*